



MINNISBLAÐ

TIL: PÁLS BJÖRGVINS GUÐMUNDSSONAR FRAMKVÆMDASTJÓRA SSH
FRÁ: HILDIGUNNI HAFSTEINSDÓTTUR, LÖGFRÆÐINGI SSH
EFNI: SÓLEY – STYRKTARSJÓÐUR SSH
DAGS: 8. JÚNÍ 2022

Meðal áhersluverkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2022-2024 er að efna til samkeppnisverkefna innan tveggja aðalkafla sóknaráætlunar. Þ.e. annars vegar velferðar- og samfélags og hins vegar umhverfis- og samgöngumála.

Ætlunin er að styrkja að minnsta kosti fimm samstarfs- og nýsköpunarverkefni í hvorum málaflokki fyrir sig að ákveðinni upphæð, og nýta til þess ferla og starfsreglur Sóleyjar, styrktarsjóðs sem er vistaður hjá SSH en nú þegar hafa verkefni sem samþætta ferðaþjónustu, nýsköpun og sjálfbærni verið styrkt úr sjóðnum, sjá nánar á <https://ssh.is/soley>. Gert er ráð fyrir að styrkveitingar nemi samtals 10.000.000 kr., en að umsýslukostnaður, þ.á.m. vegna ráðgjafa og auglýsingakostnaður nemi 1.000.000 kr., en áætlaður verkefnakostnaður þessa áhersluverkefnis í sóknaráætlun er 11.000.000 kr.

Í þessum tilgangi eru lögð fram drög að nýjum starfsreglum Sóleyjar, sem farið er fram á að stjórn SSH staðfesti á fundi sínum. Breytingarnar miða fyrst og fremst að því að reglurnar séu almennari að gerð og að sjóðurinn nýtist því við styrkveitingar hvers kyns verkefna, en eldri reglur eru sérsniðnar að styrkveitingu vegna verkefna sem samþætta ferðaþjónustu, nýsköpun og sjálfbærni.

Að öðru lagi er byggt á því að verklag við úthlutanir úr sjóðnum sé sambærilegt og áður, þ.e. að skipuð verði þriggja manna úthlutunarnefnd í tengslum við hverja úthlutun, einn nefndarmanna verði skipaður af stjórn SSH án tilnefningar en að öðru leyti skuli óska tilnefninga frá aðilum sem ætla megi að hafi sérþekkingu á þeim málaflokkum sem til umfjöllunar eru hverju sinni.

Hlutverk úthlutunarnefndar er þá að auglýsa eftir umsóknum um styrki, fara yfir innsendar umsóknir og leggja tillögur um styrkveitingar fyrir stjórn SSH, tilkynna styrkþegum um styrkveitingar og gera samninga um verkefni sem hljóta styrki samkvæmt starfsreglum sjóðsins.

Á grundvelli framangreinds er lagt til að óskað verði tilnefninga frá eftirfarandi aðilum:

1. Vegna úthlutunar til nýsköpunarverkefna á sviði velferðar- og samfélags:
 - a. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.
 - b. Klak Icelandic Startups.
2. Vegna úthlutunar til nýsköpunarverkefna á sviði umhverfis- og samgöngumála:
 - a. Háskólinn í Reykjavík – Auðna tæknitorg
 - b. Betri samgöngur ohf.

Þá er þess óskað að stjórn SSH skipi einn nefndarmann án tilnefningar vegna hvarrar úthlutunar.



Þá er í drögum að nýjum starfsreglum gert ráð fyrir að stjórn SSH taki ákvörðun um hvenær auglýst skuli eftir styrkumsóknum en ítarleg ákvæði er að finna í reglunum varðandi það hvaða atriði komi fram í slíkum auglýsingum.

Á grundvelli framangreinds eru lögð fram drög að tveimur auglýsingum og farið er fram á samþykki stjórnar fyrir eftirfarandi:

1. Að auglýst verði eftir styrkumsóknum vegna nýsköpunarverkefna á sviði velferðar og samfélags, sbr. fyrirbyggjandi drög að auglýsingu. Auglýsingin verði birt á heimasíðu SSH og samhliða í a.m.k. einum fjölmiðli sem er aðgengilegur á landsvísu.
2. Að auglýst verði eftir styrkumsóknum vegna nýsköpunarverkefna á sviði umhverfis- og samgöngumála, sbr. fyrirbyggjandi drög að auglýsingu. Auglýsingin verði birt á heimasíðu SSH og samhliða í a.m.k. einum fjölmiðli sem er aðgengilegur á landsvísu.

Stefnt skal að því birta umræddar auglýsingar í ágúst, að loknum mesta sumarleyfistímanum, með það að markmiði að fá sem flestar vandaðar umsóknir.

Sjá nánari umfjöllun um umrætt áhersluverkefni:

Heiti verkefnisins	Nýsköpunar- og samkeppnisverkefni á sviði velferðar- og samfélags, og umhverfis-og samgöngumála
Númer verkefnis	010
Markmið	Að hvetja til þátttöku atvinnulífsins í nýsköpunarverkefnum á sviði velferðar-og samfélagsmála annars vegar og umhverfis- og samgöngumálum hins vegar. Að efla samstarf atvinnulífs og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu innan beggja málaflokkanna.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Ætlunin er að efna til samkeppnisverkefna innan tveggja aðalkafla Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, <i>Velferð- og samfélag og Umhverfis-og samgöngumál</i>. Ætlunin er að styðja við nýsköpunarverkefni sem tengja saman atvinnulíf og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Við utanhald verkefna verða nýttir ferlar og starfsreglur Sóleyjar sjóðsins, sem þegar er vistaður hjá SSH, og voru nýttir til að styrkja verkefni sem samþætta ferðaþjónustu, nýsköpun og sjálfbærni.



	Auglýst verður eftir þátttakendum sem hafa hugmyndir að verkefnum sem falli undir annað hvorn kafla sóknaráætlunar.
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Vísinda, iðnaðar -og nýsköpunarráðuneytið Atvinnuþróun, nýsköpun, samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs
Framkvæmdaaðili	Verkefnið er vistað hjá SSH. Ráðgjafi / Verkefnastjóri stýrir verkefninu.
Samstarfsaðilar	Hagaðilar á höfuðborgarsvæðinu
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 og fellur undir meginflokkinn „atvinna og nýsköpun“ og meginmarkmið „nýsköpun“
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	01 – engin fátækt 03 – heilsa og vellíðan 04 – menntun fyrir alla 05 – jafnrétti kynjanna 07 – Sjálfbær orka 09 – Nýsköpun og uppbygging 11 – Sjálfbærar borgir og samfélag 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla 13 – Aðgerðir í loftlagsmálum 14 – Líf í vatni 15 – Líf á landi
Árangursmælikvarðar	
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Minnsta kosti 5 samstarfs- og nýsköpunarverkefni í hvorum málaflokki fyrir sig verði styrkt upp að ákveðinni upphæð. Með auknu samtali og samstarfi atvinnulífsins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir að grunnur verði lagður að öflugum samstarfi milli aðila.
Upphaf og lok verkefnis	Febrúar 2022 – 31.desember 2022
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	11.000.000 Tímagjald tekur mið af verðlagi hvers árs (launavísitölu)



Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	10.000.000
Mótframlag (ef við á)	1.000.000
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Nýsköpunarlandið Ísland

Meðfylgjandi minnisblaði þessu eru lögð fram:

- 1. Drög að starfsreglum Sóleyjar- styrktarsjóðs Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024.*
- 2. Drög að auglýsingu eftir styrkumsóknum vegna nýsköpunarverkefna á sviði velferðar og samfélags*
- 3. Drög að auglýsingu eftir styrkumsóknum vegna nýsköpunarverkefna á sviði umhverfis- og samgöngumála.*

HH